

Þegar lífið knýr dyra

Um börn á þröskuldi fullorðinsára í verkum Halldórs Laxness

Baldur Sigurðsson
og Ingibjörg Einarsdóttir
tóku saman

Raddir — samtök um vandaðan upplestur og framsögn
Gljúfrasteinn — hús skáldsins
2015

Frumútgáfa í handriti 2002: Baldur Sigurðsson og Ingibjörg Einarsdóttir,
Undirbúningsnefnd um landskeppni í upplestri

Dagskrá um börn í verkum Halldórs Laxness var frumflutt í Þjóðleikhúskjallaranum
29. apríl 2002 á vegum Undirbúningsnefndar um landskeppni í upplestri og Listaklúbbs
Leikhúskjallarans. Dagskráin var styrkt af Menningarborgarsjóði.

Endurskoðað handrit 2015: Baldur Sigurðsson.
Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn
Gljúfrasteinn — hús skáldsins

Til lesenda

Kæri kennari/leiðbeinandi/viðtakandi.

Í tilefni af því að um þessar mundir eru liðin 60 ár frá því að Halldór Kiljan Laxness hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels sendum við þér eftirfarandi dagskrá úr verkum skáldsins.

Dagskránni er ætlað að gefa áheyrendum hugmynd um hvaða hlutverk börn leika í verkum Halldórs, hvaða hugmyndir hann hafði um börn og fullorðna, skóla og uppeldi. Hér er um að ræða brot úr ýmsum verkum, bæði skáldsögum og ritgerðum auk ljóða, sem auðvelt er að setja upp og flytja sem heildstæða dagskrá. Við samantektina var fyrst og fremst haft í huga að dagskráin hentaði ungum flytjendum, á mörkum bernsku og unglingsára, og höfðaði til ungra áheyrenda.

Texti Halldórs er hér prentaður nánast óbreyttur eins og hann er í bókum hans. Svipmyndirnar úr skáldsögum eru ekki endurskrifaðar á neinn hátt né umsamdar eins og leikrit, heldur einungis stytta og aðlagðar munnlegum flutningi, eða leiklestri. Hlutverk sögumanns er stórt eins og í skáldsögum sjálfum, en persónurnar fá að njóta sín í fjölmörgum samtölum. Fylgt er opinberri stafsetningu í meginatriðum en sérkenni í stafsetningu Halldórs fá að njóta sín þar sem þau eru til marks um það talaða mál sem hann vildi að fengi að njóta sín í lesmálinu.

Gljúfrasteinn — hús skáldsins — stendur fyrir þessari útgáfu í samvinnu við Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn. Dagskráin var upphaflega tekin saman og flutt árið 2002, þegar minnst var 100 ára afmælis Halldórs Laxness. Baldur Sigurðsson fór yfir upphaflegt handrit, skrifaði inngang og kynningu á skáldinu.

Með útgáfunni núna minnumst við 60 ára afmælis Nóbelsverðlaunanna og vonum að sem flestir nýti sér samantektina til að kynna Halldór Kiljan Laxness fyrir þeirri kynslóð ungmenna sem nú vex úr grasi og hefur ekki haft Nóbelskálidið fyrir augum og eyrum eins og þeir sem nutu hans í lifanda lífi á síðustu öld.

Góða skemmtun!

Guðný Gestsdóttir

Baldur Sigurðsson

Efnisyfirlit

Til lesenda	i
Inngangur	iv
Um dagskrána	iv
Leiðbeiningar um flutning	v
Yfirlit dagskrár	viii
Upphaf dagskrár, kynning	1
Nóbelsskáldið Halldór Laxness	1
Korn um bækur, börn og uppeldi	2
Nokkur kvæði (lesin eða sungin)	5
Íslenskt vögguljóð á hörpu	5
Barnagæla	5
Korn um dýr	8
Barnagæla frá Nýja Íslandi	9
Bráðum kemur betri tíð	9
Salka Valka	10
Korn um ástina og kvenfólkið	10
Svipmyndir úr Sölkunni Völku	11
Fyrsta kennslustundin	12
Fimm pund haframél og hálf pund af sykri	17
Lausavísur	22
Korn um kveðskap	22
Ein er þúst	22
Snjógirni	22
Atómstöðin	23
Korn um börn og foreldra	23
Svipmyndir úr Atómstöðinni	24
Budúbódí	25
Börnin sem ég eignaðist og sálin í þeim	29
Morð, morð	29
Mærin Aldinblóð	31

Inngangur

Heimsljós	36
Maístjarnan (kór eða almennur söngur)	36
Korn um tónlist og ljóð	37
Um hina heittelskuðu	38
Korn um bækur, börn og uppeldi.....	39
Svipmyndir úr Heimsljósi	40
Fermingarundirbúningur.....	41
Ferming.....	42
Hættuleg bók	46
Hjá lygnri móðu	48
Hjá lygnri móðu (kór eða almennur söngur).....	51

Inngangur

Um dagskrána

Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn,¹ heiðruðu minningu Halldórs Laxness á 100 ára afmæli hans árið 2002 með því að taka saman dagskrá um börn í verkum hans. Fyrir valinu urðu sögurnar *Salka Valka*, *Atómstöðin* og *Heimsljós*, og smám saman varð til sú dagskrá sem hér fylgir.

Í mörgum sögum Halldórs, einkum í *Heimsljósi*, eru fjölmörg kvæði sem náð hafa vinsældum meðal barna og ungs fólks, til dæmis „Maístjarnan“ og „Hjá lygnri móðu“, þótt fáir þekki tilefni kvæðanna eða hafi lesið sögurnar þar sem þessi kvæði koma fyrir. Það blasti því við að taka með nokkur kvæði sem tengjast þema dagskrárinnar, börnum. Þegar farið var að róta í verkum skáldsins kom í ljós að þau eru full af gullkornum, skemmtilegum setningum um allt milli himins og jarðar, þar á meðal um ýmis mál sem snerta börn, ungt fólk og uppeldi, og gefa innsýn í hvað Halldór hafði skarpa sýn á málefni ungu kynslóðarinnar. Í dagskránni eru valin korn úr ýmsum verkum skáldsins sem mynda nokkurs konar ramma eða tengingar milli atriða, og setja kvæðin og leikatriðin þrjú í samhengi við hugmyndaheim hans.

Fengnir voru nokkrir verðlaunahafar úr Stóru upplestrarkeppninni í 7. bekk til að flytja dagskrána og hún var frumflutt í Þjóðleikhúskjallaranum 29. apríl 2002 í samvinnu við Listaklúbb Leikhúskjallarans. Við undirbúning að flutningnum nutum við leiðsagnar Helgu Jónsdóttur leikkonu og formanns Listaklúbbsins og Brynju Benediktsdóttur leikstjóra. Þær leiðbeindu okkur um uppsetningu á sviðinu og bentu á hvernig við gætum stytta textann sjálfan með því að nýta möguleika í leikrænni túlkun.

Flytjendur voru: Ásdís Arna Björnsdóttir, Friðrik Már Jónsson, Grímur Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Bragi Árnason, Ingibjörg Friðriksdóttir, Jórunn Steinsson, Kristjana Fenger, Óli Ágústsson og Sandra Dögg Friðriksdóttir, öll verðlaunahafar í Stóru upplestrarkeppninni þá um vorið. Kór Öldutúnsskóla tók þátt í flutningnum undir stjórn Egils Friðleifssonar og tveir ungir gítarleikarar, Jón Ágúst Eyjólfsson og Eiríkur Már Reynisson, léku milli atriða.

Nokkrir skólar fengu handritið að dagskránni og hún var flutt að hluta á nokkrum stöðum en hvergi í heild svo vitað sé.

Meginatriðin í dagskránni eru svipmyndir úr þremur skáldsögum Halldórs, *Sölku Völku*, *Atómstöðinni* og *Heimsljósi*. Í þessum sögum eru nokkur hlutverk persóna sem flytja öll samtöl en sögumaður tengir atburðarásina saman, eins og sagan er skrifuð.

Auk þessara svipmynda eru valin nokkur af ljóðum Halldórs og tvær lausavísur til að sýna að hann gat líka brugðið á glens og bullað eins og krakki.

¹ Undanfari Radda, „Undirbúningsnefnd um landskeppni í upplestri“, stóð fyrir dagskránni.

Á undan atriðunum eru svokölluð „korn“, eða gullkorn, stuttar tilvitnanir í verk Halldórs hingað og þangað sem ætlað er að opna hug áheyrenda fyrir hugmyndum skáldsins um ýmis mál. Kornin eru ekki valin út í loftið heldur eru þau hugsuð sem aðdragandi að skáldsöguköflunum og ljóðunum, þau eiga að skapa ákveðin hugrenningatengsl sem gera hlustendur móttækilegri — ef svo mætti segja — fyrir því sem á eftir fer.

Leiðbeiningar um flutning

Þær leiðbeiningar sem hér fylgja um flutning miðast við hvernig þessi dagskrá var flutt í fullri lengd í Þjóðleikhúskjallaranum árið 2002. Heimilt er að stytta dagskrána eða flytja einungis hluta hennar og þá er ekki víst að leiðbeiningarnar eigi jafn vel við. Þetta verða umsjónarmenn flutnings að meta hverju sinni.

Dagskrá þessi er ekki sjálfstætt skáldverk, sérstakt leikrit, heldur sýnishorn af verkum skáldsins eins og hann skrifaði þau, sögur, ljóð og valin gullkorn úr ýmsum verkum hans. Miðað er við að dagskráin sé leiklesin á sviði, sungin eða leikin eftir því sem aðstæður leyfa. Flytjendur hafa handrit dagskrárinnar og mega lesa upp úr því eða flytja utan að. Flytjendur ganga fram á sviðið eða draga sig til hlés eins og í leikriti. Þeir þurfa ekki að leika með tilprifum né miklum hreyfingum en þeir eiga að túlka textann, ljá honum merkingu með blæbrigðum í rödd, þögnum, áherslu og svipbrigðum.

Textarnir eru þrenns konar:

- Korn, stutt gullkorn úr verkum Halldórs
- Ljóð og vísur úr ýmsum áttum
- Svipmyndir úr skáldsögum

Korn

Kornin eru tölusett og er skipt milli flytjenda þannig að hver og einn les eitt korn í senn. Hverjum flokki korna má skipta milli þriggja til sex flytjenda, eða fá fram á sviðið jafn marga flytjendur og kornin eru. Flytjendur eiga að „kasta“ kornunum á milli sín þannig að þau komi úr ýmsum áttum á sviðinu.

Ekki er þörf á að lesa upp úr hvaða verki hvert korn er tekið.

Ljóð

Ljóðin í sögunum má flytja á ýmsa vegu, lesin eða sungin, af einum eða fleirum, og sums staðar eru leiðbeiningar um það. Við flest ljóðanna eru til sönglög og ef kór eða lítill sönghópur er til staðar fer vel á því að syngja ljóðin, að minnsta kosti nokkur þeirra.

Við upplestur ljóðanna má bregða á leik með ýmsum hætti, láta flytjendur fara með erindi til skiptis, eða tvo eða fleiri saman. Ef fleiri en einn flytja saman þarf að æfa vel hvernig það er gert. Til dæmis má láta nokkra taka undir í „... bububu“ eða „... burt burt burt“ í kvæðinu um Búkollu.

Svipmyndir úr skáldsögum

Svipmyndir úr skáldsögum eru skrifaðar beint upp úr bókum Halldórs nema hvað textinn hefur verið stytur og aðlagður munnlegum flutningi. Í hverri sögu hafa flytjendur ákveðin hlutverk, sami lesari er ávallt í sama hlutverki innan sömu sögu, t.d. Salka, Búi Árland, Uгла eða Ólafur Kárason. Þegar skipt er um svið eða stokkið í tíma innan sögu er skipt um sögumann.


Í upphafi sögu þarf að segja deili á persónum og flytjendum áður en sögumaður tekur við. Það gerir sérstakur *kynnir*, sem þá getur ekki leikið önnur hlutverk í sögunni fyrr en ef til vill síðar. Um leið og flytjendur eru kynntir er gott að þeir gangi fram um leið og nafn þeirra er nefnt. Vel getur farið á að kynnirinn lesi einnig fyrirsagnir að þeim þáttum sögu sem fluttir eru, nema gefin sé út prentuð dagskrá þar sem heiti þáttanna koma fram.

Sviðið


Við flutning á kornum og ljóðum má haga skipulagi á sviði eftir hentugleikum hverju sinni, en við flutning sagnanna má styðjast við eftirfarandi leiðbeiningar.

Best er að persónurnar standi þannig að breidd sviðsins nýtist. Yfirleitt stendur sögumaður til hliðar á sviðinu, örlítið aftar en þær persónur sem tala saman hverju sinni fremst á sviðinu. Þar sem notast er við hljóðnema þarf að huga vel að staðsetningu þeirra og að þeir trúfli ekki samband flytjenda við áheyrendur. Hljóðnemar mega helst ekki skyggja á flytjendur og ekki ætti að þurfa að færa þá til eða stilla mikið eftir að dagskráin hefst.


Í *Sölku* og *Heimsljósi* er aðalpersónan utangarðs við annað fólk og því heppilegt að hún standi hinum megin á sviðinu, svolítið frá öðrum, en aðrar persónur noti miðjuna. Í Atómstöðinni er sögumaðurinn innri rödd aðalpersónunnar, Uglu, og í þeirri sögu verður Uгла að standa hjá sögumanni. Sjá eftirfarandi þrjár skýringarmyndir.



Grunnstaða á sviði í *Sölku Völku*.



Grunnstaða á sviði í *Atómstöðinni*.



Grunnstaða á sviði í Heimsljósi.

Flytjendur

Dagskráin er hugsuð fyrir tíu til fimmtán flytjendur og reynt skal að dreifa hlutverkum og ábyrgð sem jafnast þannig að allir fái að spreyta sig á ólíkum viðfangsefnum. Í dagskránni er hlutverk kynnis (sem er ekki hið sama og hlutverk sögumanns). Því hlutverki má skipta á milli flytjenda eftir atvikum.

Flytjendur þurfa að hafa sæti aftast á sviðinu eða til hliðar þar sem þeir eiga greiða leið fram í ljósið fremst á sviðinu og geta síðan dregið sig til baka. Í texta sögumanns er stundum talað um hreyfingar eða látbragð og ber þá að fylgja því eftir því sem unnt er án þess þó að ofleika.

Þeir sem flytja hvern þátt hverju sinni, korn, kvæði eða sögu, standa fremst eða framarlega. Í sögunum þarf að huga vel að afstöðu flytjenda og tímasetja hvenær þeir stíga fram eftir því hvenær þeir koma til sögunnar eða taka til máls, og draga sig til baka þegar hlutverki þeirra er lokið.

Í upphafi dagskrár er stutt kynning á skáldinu sem í lokin gefur orðið til Halldórs. Eftir það er öll dagskráin nánast óbreytt orð skáldsins. Sé hún flutt í heild á hún að geta gengið alveg til enda án nokkurra innskota eða tafa, ef frá er talið hlé eða atriði sem umsjónarmenn kjósa að bæta við.

Yfirlit dagskrár

Dagskrá þá sem hér fer á eftir má flytja að hluta eða í heild. Dagskráin í fullri lengd tekur allt að tvær klukkustundir í flutningi, með hléi.

1. Upphaf dagskrár, kynning
Nóbelsskáldið Halldór Laxness
2. Nokkur kvæði
Barnagæla
Íslenskt vögguljóð á hörpu
Barnagæla frá Nýja Íslandi
Bráðum kemur betri tíð
3. Svipmyndir úr Sölku Völku
Fyrsta kennslustundin
Haframél og sykur
4. Lausavísur
Snjógirni
Ein er þúst
5. Svipmyndir úr Atómstöðinni
Budúbódi
Börnin sem ég eignaðist
Morð morð
Mærin Aldinblóð

Hlé

6. Söngur eða önnur tónlist
Maístjarnan
Um hina heittelskuðu
7. Svipmyndir úr Heimsljósi
Fermingarundirbúningur
Ferming
Hættuleg bók
Hjá lygnri móðu
8. Hjá lygnri móðu, kór eða almennur söngur

Upphaf dagskrár, kynning

Nóbelsskáldið Halldór Laxness

Kynnir

Halldór Laxness fæddist 23. apríl árið 1902 og lést árið 1998. Hann var helsti rithöfundur Íslendinga á tuttugustu öld, ruddi braut nýjum viðhorfum í skáldskap og hafði ómæld áhrif á aðra íslenska rithöfunda. Hann varð snemma virkur í umræðum um þjóðfélagsmál. Hann barðist gegn hvers kyns óréttlæti og misskiptingu auðs, gagnrýndi íslenskt samfélag, ráðamenn og almenning, fyrir íhaldssemi, þröngsýni og það sem honum fannst vera gamaldags í íslensku samfélagi. Hann hafði sterkar skoðanir á uppeldi og skólamálum og síðari árin lét hann umhverfismál til sín taka. Þess vegna varð Halldór fljótt umdeildur og fólk skipaði sér í flokka, með honum eða á móti.

Ritgerðir sínar og samfélagsgagnrýni gaf hann út á bókum og óhætt er að fullyrða að fyrsta safn hans, *Alþýðubókin*, árið 1928, var eins og sprengja inn í íslenskt samfélag. Þar sagði hann landsmönnum til syndanna, gagnrýndi meðal annars landlægan sóðaskap og hvatti þjóð sína til að bursta tennurnar.

Halldór varð frægur sem rithöfundur fyrir fyrstu stóru skáldsögur sínar, *Vefarann mikla frá Kasmír*, *Sölku Völku*, *Sjálfstætt fólk* og *Heimsljós*, allt stórar og efnismiklar sögur, sem komu út á árunum fyrir síðari heimsstyrjöld. Á styrjaldarárunum skrifaði hann *Íslandsklukkuna* og eftir stríðið komu *Atómstöðin* og *Gerpla*.

Allar þessar sögur hafði hann skrifað þegar hann fékk Nóbelsverðlaunin árið 1955. Nóbelsverðlaunin eru mesta viðurkenning sem nokkrum rithöfundi geta hlotnast.

Jafnframt því að semja skáldsögur var Halldór gott ljóðskáld, og í *Heimsljósi*, sögunni um skáldið Ólaf Kárason, fléttaði hann fjölmörgum kvæðum inn í söguna sem hafa orðið þekkt meðal þjóðarinnar við lög Harðar Torfasonar, Jóns Ásgeirssonar og fleiri tónskálda. Nægir þar að nefna Maístjörnuna, sem hvert barn kann við lag Jóns.

Börn og unglingar leika stórt hlutverk í sögum Halldórs. Í *Sölku Völku, Heimsljósi* og *Brekkukotsannál* fylgir hann aðalpersónunni frá bernsku til fullorðinsára og í mörgum öðrum bókum hans koma börn mikið við sögu. Hann lýsir hlutskipti barna á Íslandi á eftirminnilegan hátt, fátækt og harðræði í gamla bændasamfélaginu í *Sölku* og *Heimsljósi*, hlýju og rómantík æskunnar í *Brekkukotsannál*, og í *Atómstöðinni* kynnumst við hlutskipti ofdekraðra barna og unglunga í ríkidæmi eftirstríðsáranna. Í öllum sögunum eru börnin í stöðugu návígi við heim hinna fullorðnu þar sem lífið ólgar af átökum og ástríðu.

Halldór skrifar ekki sérstaklega um börn fyrir börn. Bækur hans eru ekki barnabækur, og ættu kannski að vera bannaðar fyrir yngri en tólf ára, því þær segja frá viðburðum, hugmyndum og hugsunum í lífi barna og unglunga sem „ekki eru við hæfi barna“, eins og stundum er sagt. Halldór skrifar óhikað og miskunnarlaust um þær hættur sem verða á vegi barnsins þegar það kynnist heimi hinna fullorðnu, þegar lífið sjálft knýr dyra. En bækur hans eru svo sannar og sammannlegar að þær höfða til lesenda um allan heim.

En nú gefum við Halldóri orðið:

Korn um bækur, börn og uppeldi

1. Hefði ég efni á að gefa öllum Íslendingum tannbursta, mundi ég gera þjóðinni meira gagn en þótt ég skrifaði handa henni ódauðleg ljóð. En nú hef ég ekki efni á að kaupa hundrað þúsund tannbursta, og bið menn að afsaka það. Ég verð að láta nægja að skrifa bók.
(*Alþýðubókin*, 1928)
2. Það er rexað árum saman í unglingum skólanna út af y og z, tvöföldum samhljóða og kommuetningu í stað raunhæfrar lífrænnar ástundunar á auðæfum tungunnar, enda árangurinn sá að menn útskrifast ósendibréfsfærir vegna orðfæðar úr skólum þessum, óhæfir til að láta í ljós hugsanir sínar svo mynd sé á í rituðu máli, hrokafullir reglugikkir sem bera lítið skynbragð á stíl og mál ...
(*Vettvángur dagsins*. Málið, 1941)
3. Með því að sníða mál bókar við ímyndað lágmark barnslegs orðaforða og hugmynda er hafin kerfisbundin og vísvitandi forheimskun barna, og er orðfæðarstefna barnabókanna og „idíótíséring“ efnis þeirra þannig bein tilraun til að valda andlegri úrkynjun í landinu.
(*Vettvángur dagsins*. Málið, 1941)
4. Ungu fólkið tekur viðburðaríka sögu, leikna á kvikmynd, langt fram yfir frásagnir af hinum fáskrúðugu ævintýrum gamla fólksins.
(*Af menningarástandi*. Frá arninum úti samfélagið, 1927)

5. Allir náttúrlegir menn hafa vit á list, ekki síst börnin, en margir spillast á smekk þegar þeir fullorðnast og fara að lesa alls konar kenningar um rétt og rangt form; eða einhverja speki um að mynd eigi að vera stæling og helst spegill einhverra annarra hluta; slíkt rugl skilur ekkert barn og enginn náttúrlegur maður.
6. Tungutak alþýðumanna er tilprifameira en skrifborðshótmyndni rithöfunda, og í sannleika list miklu djúpúðugri, því alþýðumenn standa í sjó uppað knjám með fornöldina í blóðinu og salt í skegginu. Og þegar þeir tala þá er eins og jörðin sjálf sé að hugsa og tala, og í svip þeirra bregður fyrir myndum af jörð og sjó. (*Alþýðubókin*, 1928)
7. Saga barnaupveldis í foreldrahúsum er ljótari glæpakronika og sorglegri en menn kunna yfirleitt að gera sér grein fyrir, og uppspretta flestra bölvu og harma sem nöfnum tjáir að nefna. Með sálfræðilegri vissu má rekja flesta örlögbrungna bresti í skapgerð manna og flestar misfarir manna í lífinu til ólags í uppeldi þeirra. (*Alþýðubókin*. Um búskap á Íslandi, 1928)
8. Ég hugsaði, og hugsa enn á þessari stundu, til þeirra heilræða sem hún amma mín innrætti mér barni: að gera öngri skepnu mein; að lifa svo, að jafnan skipuðu öndvegi í huga mér þeir menn sem eru kallaðir snauðir og litlir fyrir sér; að gleyma aldrei að þeir sem hafa verið beittir órétti eða farið góðra hluta á mis, þeir sem hafa verið settir hjá í tilverunni og þeir sem öðrum mönnum sést yfir — einmitt þeir væru mennirnir sem ættu skilið alúð, ást og virðingu góðs drengs umfram aðra menn hér á Íslandi. (*Gjörningabók*. Ræða haldin á nóbels hátíð, 1955)
9. Ætli lóan mundi þekkja aftur íslenskan dreng eða íslenska stúlku ef þau færu út í heim að leita hennar og fyndu hana í staðnum þar sem hún á heima þegar hún er ekki hjá okkur? Við vitum það ekki. Kanski. Það hefur ekki verið reynt. En ég held það nú samt. (*Gjörningabók*. Lóan, 1958)
10. Samkvæmt rannsóknum lífeðlisfræðinga á vitundarlífinu er það lögmál, að það sem er innprentað í vitund vora á unga aldri vikur þaðan ekki þótt árin færist yfir. Þess vegna halda allir sinni barnatrú að meira eða minna leyti. Þau börn eru mjög heppin, sem hefur ekki verið innprentuð mjög mikil vitleysa þegar þau voru lítil. (*Dagleið á fjöllum*, 1936)
11. Það eru einmitt þessar mæður og ömmur alþýðunnar sem kennt hafa börnum sínum og barnabörnum ljóð skáldanna alla þjóðarævina, verið jarðvegur bókmennta á Íslandi. Þær hafa verið hinn nafnlaus og dularfulli hulduháskóli skáldskapar og tungu. (*Reisubókarkorn*. Afmælisbréf til Jóhannesar úr Kötlum, 1949)

12. Skáldsögur eru yfirleitt skrifaðar af óvönduðum strákum, andlausum höfðingjasleikjum eða fínum piparkellingum sem vilja láta bera á sér ...
(*Alþýðubókin*. Bækur, 1928)
13. Að frádregnu monti og innantómum mikilmennskudraumum er ég ekkert.
(*Dagar hjá múnkum*, 1923)
14. Sannleikurinn er ekki í bókum, og ekki einu sinni í góðum bókum, heldur í mönnum sem hafa gott hjartalag.
(*Alþýðubókin*. Bækur, 1928)
15. Bók er blekking og bók getur aldrei orðið góð nema það sé aukaatriði að hún er bók.
(*Vettvángur dagsins*, 1942)
16. Neyðarlegast af öllu er það þó kannski að jafnvel hversdagslegur einfeldningur getur hugsað og sagt þá hluti upp úr þurru sem ágætustum höfundum og snillingum tókst hvorki að segja né hugsa þótt þeir hefðu fórnað til þess lífi sínu.
(*Vettvángur dagsins*. Höfundurinn og verk hans, 1942)

Nokkur kvæði (lesin eða sungin)

(Flytja má ljóðin öll eða velja úr, en ekki sleppa erindum nema kór flytji valin erindi sem búið er að æfa.)

Barnagæla

Gisti einginn að Gunnvöru
með klæðin góð,
ekur hún þeim í Ígultjörn
og dillidó.
Rennur blóð eftir slóð
og dilla ég þér jóð.

Gisti einginn að Gunnvöru
sem á sér hest,
fagurt blikar á hennar skálm
og tyllitess.
Rennur blóð eftir slóð
og dilla ég þér jóð.

Gisti einginn að Gunnvöru
með mannlegt blóð,
einginn sem hefur merg í bein
og dillidó.
Rennur blóð eftir slóð
og dilla ég þér jóð.

Gisti einginn að Gunnvöru
sem á sér guð,
hún hefur brotið mitt rifbein og viðbein og miðhandarbein
og fyllibu.
Rennur blóð eftir slóð
og dilla ég þér jóð.

Trúir þú á Kólumkilla,
hann segir svo:
merg og blóð, merg og blóð
og dododo.
Rennur blóð eftir slóð
og dilla ég þér jóð.

Íslenskt vögguljóð á hörpu

Ég skal vaka og vera góð
vininum mínum smáa,
meðan óttan rennur rjóð
roðar kambinn bláa,
og Harpa sýngur hörpuljóð
á hörpulaufið gráa.

Stundum var í vetur leið
veðrasamt á glugga;
var ekki einsog væri um skeið
vofa í hverjum skugga?
Fáir vissu að vorið beið
og vorið kemur að hugga.

Sumir fóru fyrir jól,
fluttu burt úr landi,
heillum snauðir heims um ból
hús þeir byggja á sandi.
Í útlöndum er ekkert skjól,
eilífur stormbeljandi.

Þar er auðsýnt þurradramb
þeim sem út er borinn,
eingin sól rís yfir kamb
yfir dögguð sporin.
Þar sést hvorki lítið lamb
né lambagras á vorin.

Þá er börnum betra hér
við bæarlækinn smáa,
í túninu þar sem tryppið er.
Tvævetluna gráa
skal ég góði gefa þér
og gimbilinn hennar fráa.

Og ef þig dreymir ástin mín
Oslóborg og Róma,
vængjaðan hest sem hleypur og skín,
hleypur og skín með sóma,
eg skal gefa þér uppá grín
alt í sykri og rjóma.

Einsog hún gaf þér íslenskt blóð,
úngi draumsnillíngur,
megi loks hin litla þjóð
leggja á hvarm þér fíngur,
á meðan Harpa hörpuljóð
á hörpulaufið sýngur.

Korn um dýr

1. Eitt er sem maður má aldrei gera skepnan mín, því það er ljótt ... Drepa aldrei flugur í annarra manna húsum ...
(*Brekkukotsannáll*, 5. kafli. Amma)
2. Það er leiðinlegt að við skulum ekki blístra hvor á annan eins og fuglarnir. Orð eru villandi.
(*Kristnihald undir Jökli*, 17. kafli. Séra Jón Prímus)
3. ... kötturinn gefur frá sér það eymdarlegasta hljóð á Íslandi, en þó kann enginn sögu af því að köttur hafi gefist upp, kettir gefast ekki upp ...
(*Sjálfstætt fólk*, 41. kafli. Bjartur)
4. ... Já, það sem maðurinn leitar að, finnur hann — hjá hundinum.
(*Sjálfstætt fólk*, 22. kafli. Bjartur)
5. Þar sem sauðkindin lifir, þar lifir maðurinn ... Það er eins og hann faðir minn sagði: uppá vissan hátt, þá er maðurinn og sauðkindin eitt.
(*Sjálfstætt fólk*, 4. kafli. Bjartur)
6. Þrá er sauðkindin, en hvað er það á móts við kvenkindina.
(*Sjálfstætt fólk*, 14. kafli. Bjartur)
7. Því má ekki gleyma að gömlu konurnar okkar höfðu svo næman skilning á því að kýrin væri fóstra mannkynsins, að margar þessar konur, þar á meðal þær sem ólu mig upp, nefndu aldrei kú án þess að blessa hana um leið;
(*Þjóðhátíðarrolla*. Á dýradag 1973)
8. Á öðru jórtruðu kýr með samskonar andlitssvip og þær væru að brjóta heilann um dýpstu ráðgátur heimspekinnar.
(*Salka Valka*. Fuglinn í fjörunni, 25. kafli)

Barnagæla frá Nýja Íslandi

Búkolla mín bububu,
Búkolla í fjósinu,
hún er með stóru hornin sín,
hún er með stóru augun sín,
blessuð ver 'ún Búkolla og 'ún Búkolla mín.

Hún mamma sín fór burt burt burt,
burtu fór 'ún mamma.
Hún mamma er farin hvurt hvurt hvurt,
hvurt er 'ún farin 'ún mamma?
Hún kemur eftir jólin og jólin og jólin,
kemur með nýja kjólinn minn og kjólinn og kjólinn.

Ekki skulum við skæla og skæla og skæla,
skal 'ún ekki koma 'ún mamma og 'ún mamma,
'ún mamma okkar góða og góða og góða,
guð bless 'ana mömmu og 'ana mömmu 'ans litla bróða.

Bráðum kemur betri tíð

Bráðum kemur betri tíð með blóm í haga,
sæta lánga sumardaga.

Þá er gott að trítla um tún og tölta á eingi,
einkum fyrir únga dreingi.

Folöldin þá fara á sprett og fuglinn sýngur,
og kýrnar leika við kvurn sinn fíngur.

Salka Valka

Korn um ástina og kvenfólkið

1. Allur verkaskiptingarmunur sem miðar að því að gera konuna að fægðum og fávísum kynferðispræli, eins og tíðkast með betri borgurum, eða subbulegum soðbúrsfanti, eins og siður er hjá verkastéttinni, er villimennska. Það á að stefna að verklegu sem uppeldislegu jafnræði kynjanna.
(*Alþýðubókin*. Karl, kona, barn. 1929)
2. Hvernig færi til dæmis ef allar myndarlegar rétt skapaðar stúlkur færu að hætta að hugsa uppá heimili, ganga á buxum á sunnudögum og stofna allrahandu félagsskap? Já hvernig færi? Hvernig mundi fara fyrir þjóðinni?
(*Salka Valka*, Fuglinn í fjörunni, 3. kafli. Jóhann Bogesen)
3. Til eru ungar stúlkur sem gera allt jafn ótryggt í kringum sig, loft, jörð og vatn ...
(*Íslandsklukkan*, 9. kafli. Eydalín lögmaður)
4. Það skein í senn skap og þrákelkni út úr þessu unga hálfmótaða andliti, og þegar hún var ekki fitlandi eða talandi, þá var hún spæjandi, rannsakandi, hlustandi, eða gretti sig úti loftið og velti vöngum yfir því sem henni datt í hug; öll hin unga verund hennar brimaði af lífsmagni.
(*Salka Valka*. Þú vínviður hreini, 2. kafli)
5. Fátt er eins einkennilegt og stúlkubarn í jakkatötri, með snæri um sig miðja, sem grætur á tröppum, svona í litlum bæ við sjó, þegar farið er að skyggja.
(*Salka Valka*. Þú vínviður hreini, 10. kafli)
6. Ást er hugtak handa nýfermdum ungmeyjum. Fullorðið fólk hugsar yfirleitt hvorki né talar um slíkt.
(*Undir Helgahnúk*, inngangur. Snjólfur)
7. Er það ekki viss passi í ástinni, að það er ævinlega einhver annar sem maður elskar.
(*Strompleikurinn*, 1. þáttur. Ljóna)
8. Ástin getur líka gert manneskjurnar kurteisar.
(*Salka Valka*. Fuglinn í fjörunni, 23. kafli)
9. Í hennar augum var ástin vornótt með endalausum himni — dreymandi ganga um landið, kvakandi fugl eða þögull, kind sem lítur spurul af leiti, sítlendi dýjaveitur í mosabökkum, lækur sem líður fram.
(*Salka Valka*. Fuglinn í fjörunni, 21. kafli)
10. Ekkert á jörðinni er eins yndislegt og sönn ást milli pilts og stúlku í góðu veðri um nótt á vori, þegar hestarnir eru sofnaðir á túnunum.
(*Salka Valka*. Fuglinn í fjörunni, 21. kafli)

11. Ekkert er á jörðu sælla en draumurinn um návist elskhugans þegar hann er fjarri.
(*Salka Valka*. Fuglinn í fjörunni, 25. kafli)
12. Loksins komið efni handa Grétu Garbó! sögðu blöðin um Sölku, en það var mest lof sem hægt var að hafa um skáldsagnapersónu í þá daga.
(*Skáldatími*. Sjálfstætt fólk, þættir úr ævi bókar. 1963)

Svipmyndir úr Sölku Völku

Kynnir

Persónur og flytjendur eru:

Fyrsti sögumaður

Annar sögumaður

Salka

Arnaldur

Steinunn gamla

Ágústa Bogesen

Bibba, vinkona hennar

Við erum stödd á Óseyri við Axlarfjörð. Mæðgurnar Sigurlína og Salka Valka búa í Mararbúð, fátæklegu litlu húsi í útjaðri þorpsins, hjá öldruðum hjónum, Steinunni gömlu og manni hennar. Salka Valka er á tólfta ári, en kann ekki að lesa.

Fyrsta kennslustundin

(Auk sögumanns stendur Salka fremst á sviðinu og Steinunn nálægt henni. Arnaldur stendur örlítið aftar, nær sögumanni, en færir sig fram þegar hann fer að tala.)

Sögumaður 1

Þar stóð í skímunni frá olíutýrunni dökkhærður strákur, toginleitur með miklar augabrúnir og alveg sérstaklega sviprík og gáfuleg augu, lið í nefinu. Hann var einsog mynd.

Arnaldur

Barnakennarinn sendi mig.

Steinunn

Er það ekki hann Arnaldur litli í Kófinu? Blessaður drengurinn.

Arnaldur

Jú, barnakennarinn sagði ég ætti að fara hingað og hjálpa þessari stelpu að læra (Hann bendir með fingrinum á Sölku Völku utan úr dyrum.)

Steinunn

Blessaður maðurinn. Það var honum líkt. (Dregur sig til baka.)

Sögumaður 1

En telpan sat hreyfingarlaus í jakkanum sínum, með snæri um sig miðja og emaljeraðan járnisk fyrir framan sig, allan beyglaðan og skáldaðan, þakinn klumbum² og dálkum.³ Hún var að rannsaka gestinn. Fyrst af öllu datt henni í hug hvort hann mundi nokkurn tíma hafa staðið bak við húshorn og kastað í hana skít. Hvort þeirra skyldi hafa betur í handalögmálum? Að vísu var hann bersýnilega fullur af monti en samt þótti henni næstum fyrir því að hann skyldi ekki vera ósvífari en svo, að hún fór að efast um hvort hún ætti heldur að gleyma þorpínu allar skráveifurnar eða troða við það illsakir að eilífu, sem auðvitað væri þó hið eina rétta.

Þegar drengurinn hafði verið spurður almæltra tíðinda og reynst allsagnafár, var jafnskjótt undirbúningur gerður að fyrstu kennslustundinni, og skyldi hún fara fram í vinnukytru húsbóndans. Þau voru látin sitt hvoru megin við borð, á milli þeirra ofurlítill borðlampi. Pilturinn tók tvær þunnar slitnar bækur fram úr hreinni léreftsdulu og lagði á borðið. Þá tók telpan eftir að hendur hans voru næstum hreinar, en hennar orpnar⁴ alls konar óþverra.

² klumba: eyruggabein, einkum á ýsu

³ dálkur: hryggur á fiski

⁴ orpnar (af *verpa* ‚kasta‘, ‚þeyta‘), hér: útataðar

Arnaldur

Af hverju ertu svona drullug?

Salka

(Snöggt og dimmt): Af því bara.

Sögumaður 1

Eftir þessa inngangsspurn hófst kennslustundin og fór þannig fram:

Arnaldur

Hvað heitirðu?

Salka

Salvör Valgerður.

Arnaldur

Hvers dóttir?

Salka

Ég er bara Jónsdóttir.

Arnaldur

Af hverju ertu í svona ljótum jakka?

Salka

Þig varðar ekkert um það. — (Eftir dálitla umhugsun): Ég ætla bráðum að fá mér buxur líka og hætta að vera stelpa.

Arnaldur

(Hugsar sig um): Þá þarftu að breyta um nafn, — þú getur ekki heitið Salvör Valgerður lengur.

Sögumaður 1

Hún sá jafnharðan að þetta var rétt athugað, og þegar öllu var á botninn hvolft gast⁵ henni ekkert mjög illa að stráknum. Kannski var hann ekki eins montinn og útlit hans bar með sér.

Arnaldur

Þú gætir til dæmis heitið Salgarður Valgarður Jónsson. Hvað ertu gömul?

⁵ getast að: líka við

Salka

Ellefu.

Arnaldur

Þú ert stærri en allir krakkar hér í kaupstaðnum fyrir þitt leyti.⁶ Ég er bráðum þrettán og ekki eins hár og þú.

Salka

Hvað heitirðu aftur?

Arnaldur

Arnaldur.

Salka

Hvað heitir hann pabbi þinn?

Arnaldur

Hann er fyrir sunnan og heitir Björn.

Salka

Og hún mamma þín?

Arnaldur

(Horfir lengi þegjandi á Sölku, segir alvörugefinn):
Ég er fæddur fyrir sunnan. Ég á ekki heima hér.

Salka

Er mamma þín fyrir sunnan?

Arnaldur

(Horfir á Sölku í leiðslu. Þegir um stund.) Hún fór burt.

Salka

Hvert?

Arnaldur

(Eftir svolitla þögn, einsog hann sé að sannfæra sjálfan sig): Hún er lifandi. Það er alveg áreiðanlegt. Hún er bara farin burt.

Salka

Hvert?

⁶ fyrir þitt leyti: fyrir þinn aldur

Sögumaður 1

Drengurinn horfði nú varkárlega, næstum flóttalega í kringum sig, — þetta var launungarmál. Svo byrjaði hann að tala í hvíslandi málrómi og bar óðan á⁷ eins og hann væri að flýta sér að segja sem mest áður en einhver kæmi og truflaði þau. Augu hans flögruðu frá einu til annars og námu sjaldan staðar á telpunni svo hún vissi ekki alltaf glögg hvort heldur hann var að tala við hana eða sjálfan sig.

Arnaldur

(Laumulega, en ber óðan á): Fyrir sunnan, þar vaxa allrahandu blóm milli húsanna, og þar gengum við mamma alltaf saman, það var svo gott veður. Stundum gengum við inn með sjónum og hinumegin er blátt fjall. Og einu sinni villtist ég frá henni í einni af þessum stóru fínu búðum og fór að orga. Ég hef aldrei á ævi minni verið eins hræddur. Svo fann hún mig og hún sagðist aldrei ætla að týna mér aftur og alltaf alltaf ætla að vera hjá mér. Þegar hún fór, þá er ég viss um að það var af því að einhverjir vondir menn létu hana fara, þeir hafa kannski numið hana á burt, eins og oft er talað um í sögum og ævintýrum. Mér var sagt að hún væri hinumegin við sjóinn, langt, langt fyrir handan fjallið bláa.

Salka

Þú hefðir átt að fara á eftir henni.

Arnaldur

Hvernig hefði ég getað það? Ég var bara á fimmta árinu. Mér var lofað að ég skyldi fá að fara til hennar þegar ég væri orðinn stór. Það var kona sem fór með mig hingað til Óseyrar á skipi og skildi mig eftir hjá afa mínum og frænku minni. Þau þykjast vera afi minn og frænka mín.

Er nokkur hérna í kring sem getur heyrt?

Salka

Nei.

⁷ bera óðan á: vera óðamála

Arnaldur

(Verður smám saman eins og dreymandi, gleymir sér í minningunni): En ég gæti best trúað að þau skrökvuðu því. Ég held oft að þau séu alltaf að skrökva að mér. Því þegar ég var búinn að vera hérna lengi, lengi, og ég var alltaf að gráta, af því mig langaði svo til mömmu, þá sagði Herborg, þú veist, — hún sem þykist vera móðursystir mín, hún sagði mér að mamma væri alls ekki lifandi, heldur dáin. Upp frá því láta þau alltaf við mig eins og hún sé dáin. Og þegar ég sagði að þau skrökvuðu því að þau væru vond, þá barði afi minn mig með hrísi. Hann barði mig alltaf í hvert sinn sem ég sagði að hún væri lifandi og skipaði mér að þegja. En nú er ég löngu hættur að vera hræddur við hann. Nú veit ég að þau hafa skrökvað að mér. Ég veit að mamma mín er lifandi. Hún er bara farin burt og kannski ekki einu sinni farin burt, heldur bara horfin.

Salka

Hvernig veistu það?

Arnaldur

(Verður aftur ákveðinn og alvörugefinn): Það má ég ekki segja. Ég er búinn að segja alltof mikið. Það er alveg sama hvað þú spyrð, ég segi ekki meira.

Sögumaður 1

Hann tók aðra bókina og opnaði hana, en samt var enn auðséð á öllu að hann var annars hugar. Því eftir dálitla stund var hann aftur farinn að tala.

Að síðustu horfði telpan sjálf frá sér numin á hin dulskyggnu augu í bjarmannum frá dauðu ljósinu. Hið litla hátíðlega ljós gaf sumum dráttum í ásýnd piltsins alveg sérstakt líf, skýldi öðrum; það kallaði nýja og annarlega ásýnd fram úr hversdagsandliti hans, meðan nóttin faldi afgang veraldarinnar í skugga sínum.
[...]

Þannig var liðið langt fram á kvöld. Pilturinn hélt áfram að tala, stúlkan að hlusta. Þá var kallað svefnrámri röddu ofan af loftskörinni.

Steinunn

(Stendur aftarlega á sviðinu): Þetta er nóg í kvöld, börnin góð. Farið þið nú að hætta.

Sögumaður 1

Það var fyrsta kennslustundin.

Fimm pund haframél og hálfpund af sykri

(Í upphafi er Arnaldur á miðju sviði, nálægt sögumanni, en þær Salka, Ágústa og Bibba ganga fram jafnsnemma, um leið og sögumaður byrjar.)

Kynnir

Síðan liðu tvö ár og margt bar til tíðinda. Salka fermdist, kennslustundirnar lögðust af, og Salka og Arnaldur hættu að hittast. Arnaldur fékk vinnu í búðinni. Kaupmannsdóttirin, Ágústa Bogesen, sneri aftur heim til Óseyrar eftir að hafa forframast í Kaupmannahöfn í hálfri þriðja ár. Hún er um tvítugt, gengur um þorpið með Bibbu vinkonu sinni, glæsilega búin innan um tötralega þorpsbúana. Salka er á leið að kaupa í matinn þegar hún rekst á þær fyrir utan búðina.

Sögumaður 2

Hún gekk inní búðina næstum jafn snemma og þær. Upp við púltið, hásæti frumbókarinnar, stóð Alli, hallaðist fram á olnbogann með fingurna á kafi í hinu þétta dökka hári sínu og las í bók. En við fas þessara hispursfullu⁸ skiptavina⁹ féllst honum hugur og hann setti dreyrrauðan.

Ágústa

Er þetta virkilega þú, Arnaldur? Nei, nú ætla ég ekki að trúa mínum eigin augum. Guð hvað barnið er orðið stórt. Kondu bless ...

Sögumaður 2

— og hún dró langa drifhvíta hönd sína upp úr kápuvasanum og sveiflaði henni brosandi í áttina til hans yfir búðarborðið.

Arnaldur

(Verður lúpulegur og fer hjá sér): Kondu sæl, Ágústa. Og velkomin heim.

Ágústa

Allir segja að þú sért orðinn svo mikill bókabéus, er það satt?

Arnaldur

Ekki meira en ég var (sýpur hveljur¹⁰).

⁸ hispursfullur: yfirlætislegur

⁹ skiptavina: viðskiptavina

¹⁰ súpa hveljur: taka andköf

Ágústa

(Dræmt og sannfærandi): Þú ættir að sigla, og ganga í verslunarskóla í Höfn. Allir skynsamir myndarlegir strákar eiga að sigla. Ég þekki fjölda stráka sem ganga í verslunarskóla í Höfn. Strákar fá aldrei á sig snið hérna heima, ekki einu sinni þó þeir fari suður. Þú skalt bara láta þabba kosta þig, ég held hann græði nóg á þessum ræflum hérna. Með tímanum gætirðu orðið verslunarstjóri hjá honum Týra — og mér. (Hlær framan í Arnald).

Arnaldur

(Horfir alvarlegur beint í andlit Ágústu, fölnar og stumrar upp): Mig langar ákaflega mikið burt, þó ekki væri nema suður.

Ágústa

(Full af sjálfstrausti, sannfærandi): Sigla, sigla, ekkert nema sigla. Það skilur enginn sem hefur ekki sjálfur verið úti. Ég hef nú til dæmis verið alla leið suðri Berlín. Heyrðu Bibba, finnst þér hann ekki hafa reglulega fallett hár? Þú hefur bara afskaplega fallett hár, Alli, það færi reyndar betur ef þú klipptir þig. Voðaleg ósköp hefur barnið annars breyst, — þetta var bara rolningur þegar ég sigldi. Guð almáttugur, eftir nokkur ár er maður orðinn hrukkóttur og sér bara eftir því einu að hafa ekki lifað nóg. Haldið þið að það sé ekki hryllilegt?

Hvaða sígarettur höfum við hérna?

Sögumaður 2

Hann starði á andlit hennar hugfanginn, augu hans stóðu kyrr eins og í freðinni ýsu, það virtist ætla að líða yfir hann.

Arnaldur

(Smáþögn. Rankar við sér og hvíslar utan við sig): Nílhestinn.

Ágústa

Herra trúr, — þessi fjandi sem maður var að stelast til að reykja í fyrndinni? Erum við þá ekki komin lengra í siðmenningunni síðan ég fór? Hvenær ætlar þabbi að fara að kenna þeim að reykja alminlegar sígarettur hérna.

Arnaldur

Það þýðir ekki að koma með neitt betra. Það er þá strax farið.

Ágústa

Já verslunarlagið á Óseyri við Axlarfjörð, það hefur löngum verið ofvaxið mínum skilningi. En hvað höfum við gott?

Arnaldur

Brjóstsykur.

Sögumaður 2

Stúlkan rak upp hlátur. Samt skipaði hún honum að sýna þessa vöru, en svo var hann óstyrkur á taugum að hann felldi ótrúlegustu hluti um koll meðan hann var að basla við að ná henni fram í dagsljósið. Loks setti hann þrjár uppmjóar þjåtursdollur fyrir framan þær á búðarborðið og tók lokin af.

Ágústa

Gerðu svo vel, Bibba, taktu eins og þú vilt.

Sögumaður 2.

Þá kom ungrúin auga á langa og gelgjulega stelpu í karlmannsbuxum fram við dyrnar. Hún horfði með svo ósvífinni áfergju á ungrúna, brjóstsykurinn og Alla, að það var ekki öðru líkara en hún ætlaði að éta allt upp með augunum.

Ágústa

(Vingjarnlega): Þekkjumst við?

Salka

(Snöggum og dimmum rómi): Nei.

Ágústa

Jæja góða, það gerir ekkert til. Ég sé bara að þú ert afskaplega móðins. Svona þykir fínast að ganga á baðstöðum í Þýskalandi og Ameríku, allar dömur á buxum. Viltu ekki brjóstsykur? Fáðu þér eins og þú vilt!

Sögumaður 2

Telpan lét auðvitað ekki segja sér þetta tvisvar, heldur tók handfylli sína af fagurrauðu sælgætinu upp úr dollunni og fór strax að bryðja. En kaupmannsdóttirin deplaði augunum framan í vinkonu sína og gaf henni merki um að taka eftir hvað þessi stelpukind væri hlálæg og þær hlógu að henni. En Arnaldur hélt áfram að stara heillaður á kaupmannsdótturina, og það flökraði ekki að honum að heilsa Sölku Völku né láta sem hann kannaðist við hana.

Ágústa

Heyrðu Alli minn (talar í trúnaði). Hér verður maður víst að búa sem á bæ er títt, eins og pabbi segir stundum, og láttu mig hafa sex pakka af — þú veist. Sjáðu, við höfum auðvitað nóg af kristinna manna sígarettum í húsi, en pabbi gamli má ekki vita að ég reyki, nema lítið. Hann heldur að hann sé að kristna mig, aumingja karlinn, og ég get ekki verið að taka þá ánægju frá honum. En ég veit þú skilur, þetta er fyrir mig í trúnaði og þú skrifar það bara hjá þér í bili og svo borga ég þér strax við hentugleika, skilurðu. Maður er nú einu sinni kominn í þetta gamla horngrýti aftur, þar sem eina ánægjan er að stelast til að reykja nílhest á næturnar.

Sögumaður 2

Pilturinn fór nú aftur að roðna, hún hafði gert hann þátttakanda í töfrandi leyndarmáli, hann fékk henni pakkana orðalaust og hún tróð út vasa sína með þessu. Síðan bjóst hún til að fara.

Ágústa

Bless Alli minn, og mundu að klippa þig áður en við sjáumst næst. Heyrðu, kemurðu aldrei í húsið? Ég get lánað þér heila dobíu af reyfurum. Auðvitað lestu dönsku? Ég skal bara kenna þér hana ef þú kannt hana ekki. Heyrðu, ég þarf að tala við þig einslega einhvern tíma bráðum. Ég læt þig vita. Nei annars, við skulum bara sleppa því. En þú kemur samt hvenær sem þú vilt. Ég skal kenna þér hvað sem þú vilt. Svo nefnirðu ekki þetta með nílhestana, — það er okkar í milli, sérðu.

Sögumaður 2.

Og hún veifaði til hans hendinni um leið og hún tók undir arminn á stallsystur sinni og hvarf til dyra.

Þær voru farnar. En Arnaldur starði enn sem steini lostinn á dyrnar sem höfðu lokast eftir þeim.

Salka

(Gengur nær Arnaldi. Segir snúðugt): Fimm pund haframél og hálpund af sykri.

Arnaldur

(Virðist loks verða þess áskynja að telpan er nærstödd, lítur á hana):
Kondu sæl.

Sögumaður 2

Hún ansaði ekki kveðjunni en ítrekaði erindi sitt, og hann leitaði uppi stóran bréfpoka og fór að vega haframél þögull og utan við sig eins og svefnganga.

Arnaldur

Æ, ég er að gera vitlaust, ég hef vigtað fimm pundum of mikið.

Sögumaður 2

Hann lét pokann aftur í vogarskálina og mældi fimm pund af. Telpan horfði á hann næstum fjandsamlega og bruddi enn brjóstsykurinn af áfergju, geðshræringarnar höfðu andlit hennar að leiksviði. Hún tók síðan pokana með vörundi, setti hnykk á höfuðið og hélt til dyra. En á þröskuldinum sneri hún sér við.

Salka

(Hreytir út úr sér): Naumast þú ert orðinn mikill, — sérð mann ekki einu sinni!

Arnaldur

Fékkstu ekki það sem þú baðst um?

Salka

Þú skalt bara ekki halda að ég hafi ætlað að tala neitt við þig.

Arnaldur

(Stuttur í spuna): Jæja, það er ágætt.

Salka

Það segja allir að þú hangir alltaf í rassinum á ríka fólkinu. Ég ætla bara að segja þér að þú ert ekki hótí betri en við hin. Vertu sæll.

Arnaldur

Vertu sæl.

Salka

Og ég ætla bara að segja þér að það má hafa þessa Kaupmannahöfn í friði fyrir mér, ríkismannafólkið. Þessi horgrind! Þessi hryggðarmynd!

Hún er alveg nákvæmlega eins og gamall drykkjurútur.

Sögumaður 2

Hún öslaði krapann heim að Mararbúð eins og í vímu og sá ýmist rautt eða svart.

Salka

(Hvíslar, hugsandi): Alli — Alli.

(Leggur lófa á brjóst sér): Ef hann vissi — ef hann bara vissi.

Lausavísur

Korn um kveðskap

Obbinn af íslenskum lausavísu er í meira lagi bullkend framleiðsla, þó ekki alltaf jafn glórulaust bull, og misjafnlega smekklegt. Algengast er að skáldin hafa ekki þrek sem nægir í meira en tvær línur af fjórum sem til þarf, oft ekki nema eina línu, þá dregur úr þeim allan mátt, og afgangur vísunnar er hortittir, þrjónaðir aftanvið og framanvið.

(*Reisubókarkorn*. Íslensk vísnaverð. 1948)

Ein er þúst

Ein er þúst fyrir utan Prúst
öll í rústir fallin.
Ríður á kústi frjálst og fúst
feiti bústni kallinn.

(Atómstöðin)

Snjógirni

Botnlaust moka mjöll í dý
megintröll úr skýjahöll.
Niðrá völl þau ósköp öll
eru kölluð sækin.
Bæta fjöllin bunu í
bullarasmellinn lækinn.

Atómstöðin

Korn um börn og foreldra

1. Alþýðumál á Íslandi segir að börn barna verði lukkumenn.
(*Atómstöðin, organistinn*)
2. Trúnaðartraustið hjá smápiltum sem hafa gert aðra konu að mömmu sinni, það er nú ekki smátt; eða kenjarnar í lítilli stúlku sem er óhuggandi af því mamma hennar er farin. Óekki.
(*Sjöstafakverið. Kórvilla á Vestfjörðum*)
3. Sumir halda það fari illa fyrir börnum ef þau missa móður sína, en það er misskilningur. Jafnvel þó þau missi föður sinn gerir það þeim ekkert til.
(*Atómstöðin, organistinn*)
4. Það er hin argvítugasta firra að halda því fram að hver karl og kona, sem einhvern veginn hafa slyst í hjónaband, séu yfirleitt hæf til að ala upp börn.
(*Alþýðubókin. Um búskap á Íslandi*)
5. ... börn eru nú einu sinni þarfari foreldrum en foreldrar börnum ...
(*Brekkukotsannáll*)
6. Þegar börn eru hætt að vera börn eru þau eins og hvert annað ókunnugt fólk.
(*Sjöstafakverið, Corda Atlantica. Knútur*)
7. Þetta nennir öngvu nema tensa sig til, og liggur uppá foreldrum sínum eins og martröð.
(*Sjálfstætt fólk, 32. kafli. Bjartur*)

Svipmyndir úr Atómstöðinni

Kynnir

Persónur og flytjendur eru:

Fyrsti sögumaður

Annar sögumaður

Þriðji sögumaður

Ugla

Búi Árland

Frúin

Matseljan

Arngrímur, Bubu eða Landaljómi

Guðný, Dúdú eða Aldinblóð

Þórður, Bóbó eða Gullhrútur

Þórgunnur, Dídí eða Daggeisli

Við erum stödd á ríkmannlegu heimili í Reykjavík. Húsbóndinn, Búi Árland, er þingmaður í litlu kjördæmi á Norðurlandi. Sveitastúlkan Ugla hefur ráðið sig sem vinnukonu á heimilið.

Fyrsta verk Uglu á heimilinu er að aðstoða matseljuna í eldhúsinu og bera á borð fyrir fjölskylduna.

Budúbódí

(Á sviðinu í upphafi er aðeins sögumaður en persónur tínast fram á sviðið eftir því sem þær eru nefndar til sögunnar. Matseljan stendur aðeins aftar á sviðinu (frammi í eldhúsi) með Þórgunni en Salka gengur þaðan inn á svið. Guðný kemur inn strax á eftir Uglu, fjærst henni á sviðinu . Frúin gengur inn á mitt svið, Búi nær Uglu, öll börnin fjær.)

Ugla

Á ég að fara inn með þessa súpu?

Matseljan

Já í jesú nafni, ... (Dregur sig í hlé)

Sögumaður 1

... svarar matseljan daufheyrða, einn mestur kvensyndari vorra tíma, og hefur hengt gljámynd af lausnaranum yfir stálvaskinn. Yngsta dóttir hjóna, sex vetra hnáta, Þórgunnur kölluð Dídí, vísar ekki frá henni, mænir á hana guðhrædd, stundum með spenntar greipar, snæðir með henni framí eldhúsi, sefur hjá henni á nóttunni. Við og við lítur barnið með vandlættingarsvip, allt að því ásökunaraugum, til mín, nýju vinnukonunnar.

Ég tók í mig kjark og fór inn í borðstofu með tarínuna.¹¹ Fjölskyldan var ekki sest, en eldri dóttirin, rétt nýlega fermd, kom inn litfríð eins og rjómi, nema svartmáluð á vörum og nöglum, og hagræddi með fimri hendi þykkum tappatogarlökkum sínum ljósum. Ég sagði:

Ugla

Gott kvöld, ...

Sögumaður 1

... en hún horfði á mig úr fjarska, settist við borðið og hélt áfram að skoða tískublað.

Þá kemur frúin inn, og ber hratt fæturna og stendur af henni kaldur ilmblær, ekki beint feit en þétt og velsæl og gljáfögur, og hringlar í armböndum hennar, lítur að vísu ekki á mig, en segir um leið og hún sest:

Frúin

(Kemur inn). Jæja elskan mín, eruð þér nú búin að læra á rafmagnsbónkústinn?

¹¹ tarína: sporöskjulöguð súpuskál

Frúin

(Horfir á dótturina, bendir). Þetta er hún Dúdú okkar, og þarna kemur hann Bóbó minn; síðan eigum við einn stóran sem er kominn í fíluna,¹² hann er úti að skemmta sér í kvöld.

Búi

(Gengur fram á sviðið að Uglu): Hvurnin á saklaus norðanstúlka að hugfesta þessi villimannanöfn?

Sögumaður 1

... heyri ég þá fyrir aftan mig, og þar stendur hár maður grannur með fallett höfuð, rétt byrjaður að grána í vöngum, og kónganef, og tekur af sér hornspangargleraugu og fer að þurrka þau. Þetta er þingmaðurinn minn úr kjördæminu okkar fyrir norðan, hann sem ég er ráðin hjá, Búi Árland stórkaupmaður og doktor.

Og þegar hann hefur fullþurrkað gleraugun og horft á mig nóg réttir hann mér höndina.

Búi

Það var fallett af yður að koma alla leið að norðan til að hjálpa okkur hérna fyrir sunnan.

Sögumaður 1

Og þar með var ég búin að fá hjartsláttinn; og svitann; og gat auðvitað ekki sagt orð.

Búi

(Talar við sjálfan sig): Uglu, lærður fugl; og hennar tími nóttin.

(Snýr sér að Uglu): En hvernig líður honum gamla Fal mínum í Eystridal með útigangshrossin sín; og kirkjuna? Ég vona okkur takist á næsta þingi að kreista út aura úr þessu hundheiðna alþingi, svo vindarnir geti sungið messu þar í dalnum þegar allt er komið í auðn.

Sögumaður 1

Hvað ég var fegin hann skyldi halda áfram að tala svo ég fengi ráðrúm að ná mér, því þetta var í fyrsta sinn sem ég hef orðið skrytinn í hjánunum að tala við mann.

¹² fíla: stytting úr *filósófía*, heimspeki. Notað um skyldunámskeið í heimspeki sem þá var í upphafi háskólanáms fyrir alla

Ugla

Ég ætla að læra á kirkjuorgelið og er komin suður mest þess vegna: við viljum ekki að dalurinn fari í auðn.

Sögumaður 1

Ég hafði ekki haft tóm að taka eftir gljáfeita slöttólfnum¹³ Bóbó, sem góndi á mig tala við föður sinn meðan frúin jós á diskana, fyrr en allt í einu hann rak upp hlátur, þandi gúlana uns þeir héldu ekki meira lofti, sprakk.

Systir hans hætti að skoða enska tískublaðið og sprakk líka. Í opnum eldhúsdyrnum bak við mig stendur engilmyndin og hefur misst guðsóttann og hlær; og segir við fóstru sína til skýringar þessari óvæntu gleði fjölskyldunnar:

Þórgunnur

(Hlæjandi): Hún ætlar að læra á orgel!

Sögumaður 1

Það var ekki fyrr en ég var orðin því vön að elsta dóttirin settist við flygilinn og léki viðstöðulaust upp úr Chopin, eins og ekkert væri sjálfsgöðara, að mér skildist hve fáránlegt var að heyra stóran digran kvenmann að norðan lýsa því í menntuðu húsi að hún ætlaði að læra á orgel. Þegar ég kom aftur fram sagði eldabuskan:

Matseljan

Það er sosomeftir ykkur þessum Norðlendingum að fara að tala við fólk.

Sögumaður 1

Þá vaknaði í mér uppreistin og ég svaraði:

Ugla

Ég er fólk.

Sögumaður 1

Þegar ég færði inn miðréttinn var hláturinn á enda, unga stúlkan var farin að tala við föður sinn, og sá litli feiti horfði einn á mig. Frúin sagði að þau hjónin „færu út“, hvað sem við var átt með því, en Jóna, matseljan, yrði á samkomu:

Frúin

Þér hugsið um húsið og vakið eftir Bubu með eitthvað heitt —

¹³ slöttólfur: stórvaxinn, klunnalegur strákur

Ugla

Bu — fyrirgefið.

Búi

Einn villimaðurinn enn; virðist vera frá Tanganjiku, eða Kenja; eða þessu landi þar sem þeir prýða á sér hárið með rottuhöllum. Að öðru leyti heitir drengurinn Arngrímur.

Frúin

Maðurinn minn er dálítið ósmartur. Hann mundi helst vilja kalla drenginn Grímsa. En nútíminn er smartur. Allt verður að vera stæll.

Búi

Þér eruð að norðan, úr þessum ógleymanlega dal Eystridal, dóttir hans Útigangshrossafals sem er að byggja kirkju: viljið þér ekki gera svo vel og skíra upp börnin fyrir mig.

Guðný

Heldur vildi ég vera brytjuð niður í hundrað þúsund milljón stykki en vera kölluð Gunesa.

Búi

Hún heitir nefnilega Guðný. En þau komast ekki af með minna en Afríku eins og hún er svörtust: bu-bu, dú-dú, bó-bó, dí-dí —

Frúin

(Lítur fast á mann sinn): Ætlarðu nú að fara að tala svona við þessa stúlku?

(Og á Uglu): Takið þér tómu diskana og farið með þá fram góða mín.

Börnin sem ég eignaðist og sálin í þeim

(Auk sögumanns eru Ugly og Guðný á sviðinu.)

Sögumaður 2

Frúin fló¹⁴ ásamt Bítari til Ameríku einn daginn, og ég á börnin: faðir þeirra ánafnaði¹⁵ mér þau fremur en kenndi¹⁶ við kvöldborðið — brosandí, annars hugar; það var óflekkaður getnaður eins og í æfintýri af að gleypa fisk.

Ugly

Þá skuluð þið upp frá þessu heita það sem þið heitið.

Guðný

(Lætur orðin renna uppi í sér eins og sætindi: *kremja*, *brjótum*, *mölum*):

Við svörum með því að *kremja* þig. Við *brjótum* í þér beinin. Við *mölum* þig.

Ugly

Nú jæja, ef þið viljið ekki heita fallegu nöfnunum sjálfra ykkar þá skíri ég ykkur upp eftir mínu höfði; því aldrei skal ég ávarpa ykkur á afrísku. Arngrímur skal heita Landaljómi, Guðný Aldinblóð, Þórður Gullhrútur, og jólakortabarnið hennar Jónu skal heita Daggeisli, og konu inn úr eldhúsinu Þórgunnur mín, að borða með öðru fólki.

Morð, morð

(Ugly er ein á sviðinu vinstra megin. Þórður og Arngrímur koma aðvífandi frá hægri.)

Sögumaður 2

Ég svaf lengi að mér fannst, uns ég vaknaði við háreysti. Það var lamið á hurðina og æpt; grenjað; og kallað á mig með nafni aftur og aftur, síðan: morð, morð!

Það var fyrsta sinn sem ég heyrði orðið morð sagt í alvöru, og mér varð felmt við.¹⁷ Það voru þá blessuð börnin mín sem ég hafði verið að enda við að eignast.

Ugly

Hvaða læti eru þetta?

¹⁴ fló: gömul þátíð af *fljúga*, í stað *flaug* (*fljúga* – *fló*, líkt og *búa* – *bjó*)

¹⁵ ánafna: arfleiða; gefa

¹⁶ kenna einhverjum barn: lýsa einhvern sem föður barns

¹⁷ verða felmt við: verða bilt við

Þórður

(Kemur hlaupandi fram á sviðið, kveinandi): Hann ætlar að skjóta mig. Hann er morðingi.

Sögumaður 2

Ég hljóp fram úr á náttklæðunum og opnaði. Þar stendur gullhrúturinn minn með ekta skelfingu í augunum og báðar hendur á lofti eins og í amrískri kvikmynd þar sem verið er að drepa fólk. Niðrí stiganum stendur Landaljómi með sína skammbyssuna í hvorri hendi og miðar rólega á bróður sinn. Ég held satt að segja ég hafi bölvað.

Arngrímur

Fyrirgefðu. Ég er orðinn þreyttur á svona peyjum.

Ugla

Þarf að skjóta þá?

Arngrímur

Þeir stálu skammbyssum. Ég hef ákveðið að skjóta þá með þeim skammbyssum sem þeir hafa stolið.

Þórður

(Grátandi): Ég var háttaður og sofnaður; og veit ekki fyrir til en hann er kominn heim fullur og búinn að stela skammbyssum mínum; og ætlar að myrða mig. Aldrei hef ég ætlað að myrða hann.

Sögumaður 2

Ég gekk oní stigann á móti skammbyssehlaupunum, fast upp að morðingjanum tilvonandi og sagði:

Ugla

Það veit ég þú ferð ekki að skjóta barnið.

Arngrímur

Barn? (Hættir að miða skammbyssum á bróður sinn.) Hann er kominn á þrettánda ár. Ég var löngu hættur að hafa ánægju af að stela á hans aldri.

Sögumaður 2

Ég réðst á hann og tók af honum vopnin. Hann veitti ekki mótspyrnu að ráði, en fór oní vasa sinn eftir sígarettu óðara en honum urðu frjálssar hendur.

Arngrímur

Þegar ég var níu ára stal ég helmingnum af öllum þeim varahlutum í skurðgröfur sem Búnaðarfélagi Íslands tókst að fá til landsins það árið. Geri aðrir betur.

Síðan ekki söguna meir. Maður sem heldur áfram að stela fullorðinn þjáist af veiki sem við köllum síbernsku í sálarfræðinni: Immanúel Kant, Karl tólfsti; það eru stíflaðir í þeim vessar. Ég var kominn á kvennafar tólf ára.

Þórður

(Ekki lengur hræddur): Kondu með byssurnar mínar!

Ugla

Hvar hefurðu náð í þessar byssur?

Þórður

Það varðar þig ekkert um. Fáðu mér þær!

Ugla

Ertu hortugur laxi? Var ég að bjarga lífi þínu eða var ég ekki að bjarga lífi þínu?

Sögumaður 2

Það varð að samkomulagi að bræðurnir færu að háttu, en ég geymdi byssurnar inni hjá mér; sá eldri sat þó enn góða stund í stiganum og reykti dapurlega; ég heyrði hann ekki taka undir þegar ég bauð honum góða nótt. Ég fór uppí til mín og slökkti.

Mærin Aldinblóð

(Auk sögumanns eru Ugla og Guðný á sviðinu. Guðný tyggur tyggjó og starir á Uglu.)

Sögumaður 3

Mærin Aldinblóð starði einatt á mig í leiðslu þangað til ég varð hrædd. Fyrir kom ég stappaði í gólfið og spyrði:

Ugla

(Snöggt): Af hverju starirðu svona barn?

Sögumaður 3

En hún hélt áfram að stara og tuggði togleðrið sitt hægt og rólega.

Ég gleymi ekki fyrsta morgninum sem ég bar henni kaffi, og stend fyrir framan rúmið hennar þar sem hún sefur.

Ugla

Góðan dag.

Sögumaður 3

Hún vaknar og opnar augun og horfir á mig úr öðru lífi.

Ugla

Góðan daginn.

Guðný

(Horfir lengi þegjandi á Uglu, tekur svo snögg til máls, æst):
Nei segðu það ekki, segðu það ekki. Ó segðu það ekki, ég bið þig.

Ugla

Má ég ekki bjóða góðan daginn?

Guðný

Nei! Ég þoli það ekki! Það eru tvö þau andstyggilegustu og hryllilegustu og æðisgengnustu orð sem ég hef nokkurntíma á ævi minni heyrt. Viltu aldrei, aldrei segja það.

Sögumaður 3

Morguninn eftir lét ég kaffið þegjandi á náttborðið hjá henni og ætlaði síðan út. En þá svipti hún ofan af sér sænginni, spratt fram úr og hljóp á eftir mér og læsti í mig nöglunum.

Guðný

(Áfergjulega): Af hverju segirðu það ekki?

Ugla

Hvað?

Guðný

Góðan daginn. Ég þrái að heyra þig segja það.

Sögumaður 3

Einn dag þegar ég var að starfi vissi ég ekki fyrr en hún hafði lagt frá sér verkefni sitt og var farin að horfa á mig. Allt í einu stendur hún upp, gengur fast að mér, læsir í mig nöglunum.

Guðný

Segðu eitthvað.

Ugla

Hvað?

Sögumaður 3

Hún heldur áfram að klípa mig hægt og rólega og reka í mig neglurnar, heldur áfram að stara á mig brosandi og hyggur að nákvæmlega hvernig ég þoli klípurnar.

Guðný

Á ég að merja þig?

Ugla

Reyndu.

Guðný

Lof mér að drepa þig.

Ugla

Gerðu svo vel.

Guðný

Ég elska þig.

Ugla

Þetta hélt ég stúlkur segðu aldrei hver við aðra.

Guðný

Ég get étið þig.

Ugla

Ætli þú mundir ekki fljótt fá nóg.

Guðný

Finnurðu þá ekkert til? (Hættir að brosa og leiðist.)

Ugla

Svolítið — en ekki mikið.

Sögumaður 3

Þá vaknar áhugi hennar aftur, hún læsir svartlökkuðum nöglunum enn dýpra í handlegginn á mér.

Guðný

Hvernig finnurðu til? Ó, segðu mér hvernig þú finnur til.

Sögumaður 3

Ég held að fyrsta kastið hafi hún álitid mig dýr á sama hátt og ég hana jurt. Jurt langaði að vita hvernig dýr myndi til. Aftur varð ég aldrei þess vör að henni væri illa til mín; vitaskuld þótti henni hlægilegt að skessa skyldi draga jafndónalegan grip og orgelharmóníum inni síðmenningarhús, og fara að leika á það þær æfingar barna sem hún sjálf lærði fjögurra ára, áður en hún var bóklæs; en hún bar ekki fremur óvildarhug til norðanstúlku en túlípani til kýr.

Annar dagur: hún gengur til mín þar sem ég er í mínu ambáttarverki miðju, tekur utanum mig, hjúfrar sig upp að mér og bítur mig.

Guðný

Helvítið þitt!

Sögumaður 3

... Gengur síðan burt.

Enn annar dagur: Þegar hún hafði lengi rannsakað mig þögnul spyr hún upp úr eins manns hljóði:

Guðný

Um hvað ertu að hugsa?

Ugla

Ekki neitt.

Guðný

Segðu mér það, viltu segja mér það, ég bið þig.

Sögumaður 3

En mér fannst hafið svo breitt og djúpt milli okkar, að jafnvel þó ég hefði verið að hugsa eitthvað, og þó það hefði meira að segja verið alsaklaust, mundi ég ekki hafa sagt henni það.

Ugla

Ég var að hugsa um mórauða kind.

Guðný

Þú lýgur.

Ugla

Jæja það er gott einhver veit betur en ég sjálf hvað ég hugsa.

Guðný

Ég veit það vel.

Ugla

Hvað?

Guðný

Þú varst að hugsa um hann.

Ugla

Hvern?

Guðný

Sem þú sefur hjá.

Ugla

En ef ég sef nú ekki hjá neinum.

Guðný

Þú varst að hugsa um hitt.

Ugla

Hitt hvað?

Guðný

Að bráðum deyrðu.

Ugla

Þakka þér fyrir. Þá veit ég það. Áður vissi ég það ekki.

Guðný

Já þá veistu það, —

Heimsljós

Maístjarnan (kór eða almennur söngur)

Ó hve létt er þitt skóhljóð
og hve lengi ég beið þín,
það er vorhret á glugga,
napur vindur sem hvín,
en ég veit eina stjörnu,
eina stjörnu sem skín,
og nú loks ert þú komin,
þú ert komin til mín.

Það eru erfiðir tímar,
það er atvinnuþref,
ég hef ekkert að bjóða,
ekki ögn sem ég gef
nema von mína og líf mitt
hvort ég vaki eða sef,
þetta eitt sem þú gafst mér,
það er allt sem ég hef.

En í kvöld lýkur vetri
sérhvers vinnandi manns,
og á morgun skín maísól,
það er maísólin hans,
það er maísólin okkar,
okkar einingarbands.
fyrir þér ber ég fána,
þessa framtíðarlands.

(*Heimsljós II*, 15. kafli. Ólafur Kárason)

Korn um tónlist og ljóð

1. Ljóð eru ekki til að lesa heldur til að syngja, eða hvað? Ég segi fyrir mig, ég fór ekki að hafa gagn af Höfuðlausn Egils Skallagrímssonar fyrr en ég uppgötvaði að hún er ort við sálmalagið Sjá himins opnast hlið.
(*Yfirskyggðir staðir*. Formáli að ljóðasafni ungra skálda ... 1965)
2. Ég þreytist seint á að endurtaka að ljóð án lags er skemmtun fyrir heyrnarlausum menn á sama hátt og útvarpssjónleikir hljóta að vera ætlaðir sjónlausum mönnum.
(*Yfirskyggðir staðir*. Formáli að ljóðasafni ungra skálda ... 1965)
3. Söngurinn er hin öruggasta leið til að lyfta mannshuganum frá hrjúfum hversdagsleika; hann er mál hrifins hjarta, vegur til fegurri veruleiks, æðri raungilda, tignari heima.
(*Af menningarástandi*. Af íslensku menningarástandi. Þriðji hluti, 1925)
4. Ég heyrði sjaldan svo vonda tónlist að hún segi mér ekki meira en talað orð; og ef það væri ekki vegna tónlistarinnar, mundi ég aldrei ljúka upp útvarpstæki — nema til að hlusta á veðurfregningar.
(*Upphaf mannúðarstefnu*. Morgunhugleiðingar um Bach, 1965)

Um hina heittelskuðu

Líneik veit ég langt af öðrum bera,
léttu hryssu í flokki staðra mera,
fagureyg með fimar tær
frýsar 'ún hátt og bitur og slær.
Ó blessuð mær!

Kristilega kærleiksblómin spretta
kríngum hitt og þetta.

Allir vildu þeir eftir henni keppa,
aungvum trú' ég lukkaðist 'ana að hreppa,
þartil loks hún fróman fann
fjáreiganda og útgerðarmann
með sóma og sann.

Kristilega kærleiksblómin spretta
kríngum hitt og þetta.

Brennivín í hófi 'ún fær hjá honum,
hvítasykur og gráfíkjur að vonum,
gerist 'ún ekki grimm og ljót
gefur 'ann 'enni Fótarfót
og flest sitt dót.

Kristilega kærleiksblómin spretta
kríngum hitt og þetta.

(*Heimsljós I*, 11. kafli. Ólafur Kárason)

Korn um bækur, börn og uppeldi

1. Ekkert er eins heilagt og barnssálin, því hún trúir guði sínum og lifir í guði sínum, og sakleysið og hreinleikinn sem skín úr augum barnsins er endurskin af sál guðs, og bæn barnsins er andardráttur guðs.
(*Þættir*. Nokkrar sögur. Steinninn minn helgi)
2. Ég var einhvern tíma að stauta í biblíunni og amma mín kom og spurði: Hvað ertu að lesa núna? Það er biblían, sagði ég. O það er nú ekki allt að marka sem í henni stendur, biblíunni þeirri arna, sagði hún.
(*Dagleið á fjöllum*, 1936)
3. Oft spurði ég ömmu mína hvort hún hlakkaði ekki til jólanna, en hún svaraði ævinlega því sama: Ég hlakka til þegar fer að lengja daginn.
(*Vettvángur dagsins*. Heiðin jól og kristin. 1939)
4. Orðtak Íslendinga hefur jafnan verið: betra er berfættum en bókarlausum; það þýðir hér um bil: ég vildi heldur vera berfættur og eiga bók en hafa á fæturna og eiga öngva bók.
(*Gjörningabók*, 1957)
5. Ég efast líka um að „barnabækur“ núna séu í einlægni ætlaðar börnum, enda eru þær oft lesnar í útvarp á þeim tímum dags sem ekki er líklegt að börn séu nærstödd, annaðhvort ókomin ofan ellegar farin í skólann, og ekki aðrir í landinu líklegir til að hlusta en undirritaður, sem áreiðanlega má flokka undir mjög vont þúðingum, og ef til vill nokkrar húsmæður til sveita á kafi í morgunverkum.
(*Seiseijú, mikil ósköp*, 1975)

Svipmyndir úr Heimsljósi

Kynnir

Persónur og flytjendur eru:

Fyrsti sögumaður

Annar sögumaður

Þriðji sögumaður

Fjórði sögumaður

Ólafur Kárason

Kamarilla húsfreyja

Magnína heimasæta

Jónas, bróðir hennar

Prestur

Guðrún á Grænhóli

Lauga

Við erum stödd á bænum Fæti undir Fótarfæti. Þar er niðursetningurinn Ólafur Kárason, sem kallar sig Ljósvíking, piltur á þrettánda ári, og lætur sig dreyma um að lesa bækur og verða skáld.

Fermingarundirbúningur

(Auk sögumanns eru Magnína og Ólafur fremst á sviðinu, Kamarilla nær sögumanni aðeins aftar og dregur sig svo til baka.)

Sögumaður 1

Bráðum var kominn tími til að fara að kristna hann, og honum var fenginn barnalærdómurinn¹⁸ og skipað að læra. Hann var látinn setjast við borðgluggann uppi, bókin sett fyrir framan hann. Hinumegin við borðið sat fóstura hans og hafði nákvæmar gætur á honum; hún gætti þess að hann liti hvorki til hægri né vinstri, ekki upp og ekki niður, heldur nákvæmlega beint fram fyrir sig, á bókstafina. Ef hann reyndi að rétta ofurlítið úr hálsinum sér til hæginda, eða hrista af sér höfuðkvalirnar, um það bil sem honum fannst að sækti á sig svimi, þá hét það að láta augun flökta í allar áttir eða skima út um heima og geima eins og fábjáni, eða: ...

Kamarilla

... (Hryssingslega): Þokkalegt er að sjá hvernig vita upp á honum skjánurnar¹⁹ núna; allt er honum jafnilla gefið, bæði til munns og handa.

Sögumaður 1

Magnína heimasæta var látin hlýða honum yfir. Hún sat yfir honum einsog þúst, og alltaf eins og annars hugar. Hún var digur og hörð, en blá framaní, og hundurinn hnerraði þegar hann þefaði af henni.

Þetta var þululærdómur. Það var hætt við að glompa²⁰ dytti á guð ef maður sleppti úr orði. Það mátti heldur ekki spyrja um guð, því guð kærir sig ekki um neitt rex, — ég er guð þinn, segir hann, og hvað viltu svo meira?

Það stóð meðal annars í kristindóminum: „Ill meðferð á skepnum ber vott um grimmt og guðlaust hjarta.“

Ólafur

(Þylur): Hundrað og ellefu meðferð á skepnum ber vott um grimmt og guðlaust hjarta.

(Þögn.)

Magnína

Hvað svo?

¹⁸ barnalærdómurinn: kristinfræði til undirbúningsfermingu

¹⁹ skjánur: augu

²⁰ glompa: gat, hola

Ólafur

(Hikandi): Á það ekki að vera hundrað og ellefta meðferð á skepnum?

Magnína

(Annars hugar): Jú, hundrað og ellefta meðferð á skepnum, þú varst búinn með það. Haltu áfram.

Ólafur

(Þögn): Hvernig er hundrað og ellefta meðferð á skepnum?

Magnína

Ha? Er ekki margbúið að segja þér að þú megir ekki spyrja útí það sem guðlegt er. Soleiðis gera ekki nema heimskingjar. Hundrað og ellefta meðferð á skepnum. Sona, haltu áfram.

Sögumaður 1

En henni þótti þetta samt eitthvað grunsamlegt, og setti í brúnirnar og fór að rýna í bókina og var ekki allskostar ánægð, og skipti sér ekki af þó hann væri byrjaður að þylja áframhaldið, hún meira að segja tók fram í fyrir honum.

Magnína

Hundrað og ellefta meðferð er náttúrlega grimmt og guðlaus meðferð. Þú ættir að geta sagt þér það sjálfur.

Ólafur

Hvaða meðferð er það?

Magnína

Það er ég ekkert skyldug að segja. Haltu áfram.

Sögumaður 1

Hann hélt áfram að þylja og þuldi lengi, og hún skipti sér ekkert af því sem hann var að þylja, heldur tók loksins fram í fyrir honum aftur.

Magnína

(Hugsandi): Hundrað og ellefta meðferð á skepnum er til dæmis ef maður gleymir að gefa hundinum.

Ferming

Sögumaður 2

Kirkjan stóð út með firðinum, og um vorið gengu börn til prestsins úr tveim áttum, að utan og innan.

Hann var oft slæmur í maganum, auk höfuðkvalanna, fögur og sljór, og þegar var verið að tala í kringum hann, þá vissi hann ekki um hvað var verið að tala.

Það voru fleiri börn eins heims og hann, og þau sem voru fljót að skilja hlógu stundum hátt að þeim sem voru sein að skilja; það var eins og stunga, snögg og sár.

Þau sem voru fljót að skilja héldu hóp og skildu hvert annað. Þau sem voru föl og sljó og lasin og sein að skilja, þau héldu ekki hóp og skildu ekki hvert annað. Sum voru stór og sterk og rjóð og vissu margt og töluðu mikið, hann kunni ekki að tala. Þau hlógu, hann var hræddur. Hann kunni ekki að leika sér og gat ekki gert neinar kúnstir, þau gátu gert kúnstir.

En þegar hann var orðinn einn fannst honum hann geta allt sem þau gátu, og meira. Þegar hann var samvistum við aðra var allt í þoku fyrir honum, það var aldrei bjart í kringum hann nema þegar hann var einn.

Hann kom upp í greininni um meðferð á skepnum.

Ólafur

Hundrað og ellefta meðferð á skepnum ber vott um grimmt og guðlaust hjarta.

Prestur

Ha? Hvað er nú það?

Ólafur

Það er að gleyma að gefa hundinum.

Sögumaður 2

Þá hló sjálfur presturinn og síðan öll börnin. Þau héldu áfram að hlæja það sem eftir var spurningatímans, það var krampakennt fliss sem virtist ekki geta stöðvast, og hann sat undir þessari lítillækkun blautur af svita og rauður af blygðun, í hvítri þoku; hvað voru öll vandarhögg bernskunnar hjá þessu.

Að lokum fór hann að gráta. Þá hnykkti hinum börnunum við og sum þeirra hættu að hlæja. Presturinn kom til hans og strauk honum um vangann, ...

Prestur

Það getur komið fyrir alla að svara rangt út úr guðs orði. Það gerir ekkert til. Ég veit oft ekki sjálfur hverju ég á að svara út úr guðs orði.

Sögumaður 2

Það var áliðið dags, börnin máttu fara heim. Þegar þau voru komin út á hlaðið, vildu sum þeirra koma til hans og bæta fyrir það að þau skyldu hafa hlegið, og vera góð við hann, önnur komu til að spyrja hann nánar um hundrað og elleftu meðferð á skepnum. Hann batt snýtuklút utan um kverið sitt, setti upp húfukolluna sína og svaraði ekki neinum, en tók til fótanna heimleiðis.

Þau héldu áfram að hlæja og hlupu á eftir og sendu honum tóninn, því það er svo gaman að hrekkja þá sem eru sérsinna²¹ og einir. Hópurinn dró hann uppi á melnum fyrir austan prestsetrið. Nei, þau gátu ekki látið hann vera, þau vildu vera að skipta sér af honum í gamni og alvöru, af því hann var svo skrytinn og hafði misskilið kristindóminn. Hann settist niður á stein og hélt fast utan um kverið sitt í snýtuklútnum. Þá sagði ein rödd:

Guðrún

Skammist þið ykkar krakkar að geta ekki látið hann í friði. Hvað hefur hann gert ykkur? Haldið þið áfram og látið hann kjuran.

Sögumaður 2

Eftir dálitla stund voru þau farin, þau voru komin kippkorn inn í dalinn. Hann stóð upp og rölti á eftir einn. Þá tók hann eftir því að það gengu tvær spurningastúlkur²² á undan honum. Þær leiddust og fóru sér mjög hægt.

Loks námu þær staðar, litu við, og biðu eftir honum. Hann sá aðeins aðra þeirra. Það var Guðrún á Grænhóli. Það var hún sem hafði rekið krakkana frá honum áðan þegar þau voru að skipta sér af honum. Hann nálgast þær og þorði ekki að líta upp, en fann hvernig hún horfði á hann.

Guðrún

Það gerði ekkert til.

Ólafur

Ha?

Guðrún

Ég meina þó þú svaraðir vitlaust, það svara margir vitlaust. Og það gerir ekkert til.

(Þögn)

Hvar á hann pabbi þinn heima?

²¹ sérsinna: sérvitur, sem samlagast illa öðrum

²² spurningastúlkur eru stúlkur í fermingarundirbúningi hjá prestinum. Það heitir að ganga til spurninga

Ólafur

Ég veit það ekki.

Guðrún

Og áttu þá heldur ekki neina móður?

Ólafur

Jú.

Guðrún

Hvar er hún?

Sögumaður 2

Þá var hann aftur nærri farinn að gráta út af því að hún skyldi vera að spyrja að þessu. Hann trúði því ekki enn að nokkur skyldi bera umhyggju fyrir því hvort hann, tökudrengur á Fæti undir Fótarfæti, ætti mömmu eða pabba. En þegar hún sá að hann ætlaði aftur að fara að beygja af, þá flýtti hún sér að segja:

Guðrún

Ef þú vilt koma heim til okkar að Grænhóli, þá skal ég biðja mömmu að gera þér eitthvað gott.

Sögumaður 2

Hann var henni ákaflega þakklátur, en hann þorði ekki að þiggja það fyrirvaralaust, hann mátti heldur ekki drolla.

Guðrún

Ég veit það er voðalegt að vera einstæðingur, en ég og hún Lauga viljum þér vel. Er það ekki satt Lauga? Viljum við honum ekki vel?

Lauga

Jú.

Guðrún

Við skulum alltaf taka málstað þinn, hvenær sem krakkarnir eru að stríða þér. Eigum við ekki að gera það Lauga?

Lauga

Jú.

Guðrún

Segðu okkur bara frá því ef einhver er að hrekkja þig. Ég skal ráða við strákana, hvern þeirra sem er.

Sögumaður 2

Rétt á eftir kvöddu þær hann með handabandi og gengu þvert út af götunni, upp með á, bæirnir þeirra stóðu upp við fjallið. Hún gleymdi að ítreka góðgerðirnar.

Hann horfði á eftir henni hvar hún gekk, há og björt, berhöfðuð og rjóð, örugg í spori eins og fullorðin stúlka. Hún leit ekki við til hans.

Þær gengu lengra og lengra upp með ánni. Í hug hans var hún alltaf tengd við rennandi vatn upp frá því, og hann kastaði sér niður á árbakkann.

Ólafur

(Hægt, ákallandi): Guð guð guð ...

Sögumaður 2

Um langt skeið hugsaði hann aldrei um aðra manneskju. Við spurningar eða í kirkju varð hann ekki var við aðra manneskju, annað fólk var reykur. Hann fann í hvert skipti sem hún hreyfði sig, þó hann sneri í hana hnakkanum. Hann sá hana stikla yfir lítinn læk um miðjan dag. Hún; og hið tæra rennandi vatn vorsins snemma í gróandanum; sólskin.

Öðru sinni léku þau sér á árbakka, öll börnin, himinhá fjöllin yfir sveitinni, fjörðurinn á aðra hönd; kvöld. Hún var heit og rjóð og eins og fullorðin stúlka, og hafði hneppt frá sér hnappi, og áin rann fram hjá breið og lygn, ljósar fléttur hennar höfðu kastast fram yfir brjóstið og önnur hálfrakin upp, augu hennar tindruðu. Það var kallað til barnanna frá einhverjum bænum að fara að hætta. Hann gekk einn heim og ákallaði guð. [...]

Síðan voru þau fermd. Sum þeirra sáu ekki fyrir en eftir tuttugu eða þrjátíu ár, sum aldrei framar. Hún talaði aldrei við hann nema þetta eina sinn.

Hættuleg bók

Sögumaður 3

Hann hafði löngu löngu lesið þessar fáu bækur sem til voru. Hann hafði lesið Þjóðsögurnar átta ára gamall, og Smásögur Péturs, og Lúkasarguðspjall sem grætti hann af því Jesús Kristur var munaðarlaus. Á postilluna²³ hafði hann aftur á móti aldrei vanist að líta sem bók. Hann langaði ákaflega til að lesa meira, en það voru ekki fleiri bækur til, nema ein, Felsenborgarsögurnar, sem Magnína heimasæta hafði tekið að erfðum eftir föður sinn. Þessi bók var geymd niðrí fatakistu heimasætunnar, og teljandi þau skipti sem hann hafði fengið að sjá á henni spjöldin, en aldrei innan í. Hann langaði ákaflega að lesa hana, og allar bækur í heiminum nema postilluna.

²³ postilla: húslestrarbók, safn predikana og skýringa á biblíunni

Magnína

Ef þú minnst oftár á Felsenborgarsögurnar þá hýði ég þig.

Sögumaður 3

Hann hafði snemma grun um að í bókum yfirleitt, en í Felsenborgarsögnum sérstaklega, myndist sú óskiljanlega huggun sem hann þráði en kunni ekki að nefna.

(Svolítil þögn.)

Hann hafði ekki þorað að nefna Felsenborgarsögurnar árum saman, — en svo dag einn:

Ólafur

Mig langar svo að lesa bók.

Magnína

Hér eru öngvar bækur. Ekki soleiðis bækur. Ekki til að lesa.

Ólafur

En Felsenborgarsögurnar?

Sögumaður 3

Þá varð hún hátíðleg og lagði undir flatt og kipaði varirnar saman og horfði stranglega niðrí stagið sitt, —

Magnína

Felsenborgarsögurnar. — Ég ætla bara að segja þér að það er engin skemmtibók. Það er kristileg bók.

Ólafur

Það gerir ekkert til.

Magnína

Gerir það ekkert til? Víst gerir það til. Það er bók um mannlífið í heiminum. Þú gætir syndgað sona ungur.

Ólafur

Ég er fermdur.

Magnína

Já það er hægst að ferma allan skrattann. En ætli skilningurinn á Jesú í mannlífinu aukist að sama skapi? Ekki veit ég hvaða syndir ég kynni að hafa drýgt ef ég hefði lesið soleiðis bók áður en ég fór að skilja. Þegar þú verður stærri, þá kannski.

Sögumaður 3

Samt kom hún með Felsenborgarsögurnar daginn eftir, um miðjan dag, þegar enginn var á pallinum. Eftirvæntingin í augum hans var eins og haf. Hún næstum því brosti eitt andartak að þessum stóru þreyjandi augum, settist á rúmstokk hans, opnaði bókina. Nei hann mátti ekki handleika bókina. Það var auðséð á þykktinni að bókinn var ákaflega kristileg, og samt var einhver andi frá bókinni, sem fyllti hjartað óró og gerði mann eins og festan upp á þráð.

Magnína

(Les hægt og stirðlega): „Ég Eberhard Júlíus sá fyrst ljós þessa heims árið 1706, í hinum mikla sólmyrkva, er þá varð, og stóð föður mínum, er var auðugur kaupmaður, mikill ótti af honum, ásamt öðrum.“

Sögumaður 3

Það var einhver á gangi niðri, og hún hætti lestrinum skyndilega, án þess að hafa komist lengra.

Magnína

Guð hjálpi mér, ég held ég sé ekki alminleg.

Sögumaður 3

Hún skellti aftur bókinni og horfði sem snöggvast felmtruð²⁴ á spjöldin, líkt og þetta væri galdrabók, stakk henni síðan í skyndi undir svuntuna sína, — fór.

Daginn eftir þegar hann minntist á bók varð hún reið:

Magnína

Þegiðu ellegar ég angef²⁵ þig fyrir henni móður minni.

Sögumaður 3

Hann vissi ekki hvað hann hafði gert, efaðist þó ekki um að það væri eitthvað ljótt, og var hræddur.

Magnína sagði ekki neitt — lengi.

Hjá lygnri móðu

(Fremst á sviðinu er Ólafur (má sitja) og Guðrún að baki honum svolítið aftar. Magnína og Jónas koma fram á mitt svið að loknu kvæðinu.)

²⁴ felmtruð: hrædd, óttaslegin

²⁵ angefa: klaga

Sögumaður 4

Sumarið var liðið. Á þessum döpru haustdögum var honum fróun í því að minnast Guðrúnar á Grænhóli í grænu skrúði vorsins, við breiða, lygna á, undir sólsetur, eins og fyrirburðar, með fráhnepptan efsta hnappinn á treyjunni sinni, og hann var ákveðinn að yrkja um hana kvæði til þess að aldir og óbornir skyldu ekki gleyma henni. Hann leitaði fyrirmyndar í öllum skáldskap sem hann kunni, og reyndi að yrkja um hana undir ýmsum háttum, en fannst hún of tignarleg fyrir alla, bæði sálma og rímur. Að lokum fann hann að hún átti heima í þjóðsögunum. Þegar hann loks hafði uppgötvað þetta, gat hann ort eins og henni sæmdi, og krotaði kvæðið sitt upp á bréfsnepil að kvöldlagi.

Ólafur og Guðrún

(Ólafur les hikandi og íhugandi eins og hann sé að semja ljóðið með erfiðismunum. Guðrún stendur aðeins að baki honum, tekur undir viðlagið af öryggi. Þau fylgjast að. Hann verður smám saman öruggari í viðlaginu.)²⁶

Hjá lygnri móðu²⁷ í geislaglóð
við græna kofann
hann sá hvar hún stóð, hið fríða fljóð,
fráhneppt að ofan.

Mitt er þitt og hjá mér áttu heima,
víst skaltu öllum veraldarsorgum gleyma.

Á hann leit hún æskuteitu
auga forðum.
Það var kvöld í sveit og hún kvaddi hann, veit ég,
kærleiksorðum.

Mitt er þitt og hjá mér áttu heima,
víst skaltu öllum veraldarsorgum gleyma.

Innst í hjarta augað bjarta
og orðið góða
hann geymir sem skart uns grafarhúm svart
mun gestum bjóða.

Mitt er þitt og hjá mér áttu heima,
víst skaltu öllum veraldarsorgum gleyma.

²⁶ Þetta atriði þarf að æfa vel. Getur verið mjög áhrifamikið.

²⁷ móða: á, fljót

Sögumaður 4

Daginn eftir fann hann hvergi ljóðmælið, og þó mundi hann ekki betur en hann hefði stungið því undir höfðalagið sitt í gærkvöldi. En þegar systkinin voru að borða skattinn²⁸ frammí loftinu, þá lyktaði hann í gegnum brekánshornið²⁹ af tali þeirra að einhverja óhamingju hafði borið að höndum hér á bænum.

Jónas

Ja það er þokkaleg artin³⁰ í þessum afmánum³¹ sem liggja dæsandi inní bæli upp á reikning fjarlæggra bágstaddra sveita. Og það þætti mér fróðlegt að vita, hvaða kvenmannstuðra það á að vera hér í sveit sem hefur verið fráhneppt framan í honum.

Magnína

Ef þú ert að spyrja mig, Jónas bróðir, þá álít ég að allt klám og saurlifnaðarhjal sé fyrir neðan mína virðingu og þar af leiðandi mér óskylt mál. Í þessu máli álít ég það skynsamlegast að haga sér eftir því sem gamla fólkið sagði: það eru ómerk ómagaorðin.

Jónas

Fráhneppt að ofan, ja ég hef nú bara aldrei heyrt annað eins ópverratál um saklaust kvenfólk í kveðskap. En sú guðs mildi að hún skyldi ekki hafa verið fráhneppt að neðan, hver sem hún er, ég segi ekki nema það.

Magnína

Ef þessu tali á að halda hér áfram yfir blessuðum matnum, þá fer ég niðri eldhús og kalla á hana móður mína.

Jónas

Ja ég segi nú fyrir mig sem elsta og reyndasta systkinið hér á heimilinu, að ef það á að fara að klæmast opinberlega hér á heimilinu, þá skal það vera ég sem hef stjórn á vendinum héðan af, mér er sama hvað aðrir segja.

²⁸ skattur: morgunverður

²⁹ brekán: ofin rúmábreiða

³⁰ art (tökuorð): eðli, náttúrufar, yfirleitt í jákvæðri merkingu, en hér í neikvæðri merkingu

³¹ afmán: ófėti, úrþvætti, aumingi

Hjá lygnri móðu (kór eða almennur söngur)

Hjá lygnri móðu³² í geislaglóð

við græna kofann

hann sá hvar hún stóð, hið fríða fljóð,

fráhneppt að ofan.

Mitt er þitt og hjá mér áttu heima,

víst skaltu öllum veraldarsorgum gleyma.

Á hann leit hún æskuteitu

auga forðum.

Það var kvöld í sveit og hún kvaddi hann, veit ég,

kærleiksorðum.

Mitt er þitt og hjá mér áttu heima,

víst skaltu öllum veraldarsorgum gleyma.

Innst í hjarta augað bjarta

og orðið góða

hann geymir sem skart uns grafarhúm svart

mun gestum bjóða.

Mitt er þitt og hjá mér áttu heima,

víst skaltu öllum veraldarsorgum gleyma.

Dagskrá lýkur

³² móða: á, fljót